

Ed.

169. Lög

um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Afgreidd frá Ed. 27. febrúar).

1. gr.

Í landhelgi við Ísland skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpum.

2. gr.

Nú er botnvörpuskip í landhelgi, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 10000—20000 kr.; skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 2000—10000 kr. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., er um ítrekað brot er að ræða.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

4. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 500—5000 kr. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

5. gr.

Skipstjóri, er gerir sig sekan í ítrekuðu broti gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, sem getur um í 3. gr., sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta fangelsi fyrir brot gegn 1. gr., auk sektarhegningar þeirrar, sem ákveðin er í 3. gr.

6. gr.

Sektarfje eftir lögum þessum, svo og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri, rennur í Landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka upptæk veiðarfæri, og afla því að eins, að knýjandi nauðsyn sje fyrir hendi.

7. gr.

Mál þau, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 8, 6. apríl 1898, lög nr. 18, 8. júlí 1902, lög nr. 27, 25. sept. 1902, lög nr. 56, 30. júlí 1909, svo og 2. gr. taga nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgissjóðs Íslands, um það, er tekur til sektafjár og andvirðis upptækra veiðarværa og afla eftir lögum þessum.